

## AUGLÝSING

### um staðfestingu námskrár um nám og próf til réttinda til að mega flytja hættulegan farm á landi, svonefnd ADR-réttindi.

Með vísan til 3. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 1077/2010 um flutning á hættulegum farmi, sbr. 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með áorðnum breytingum, hefur innanríkisráðherra í dag, 15. mars 2013 staðfest námskrá um nám og próf til réttinda til að mega flytja hættulegan farm á landi, svonefnd ADR-réttindi, samkvæmt auglýsingu þessari. Námskráin er fylgiskjal I með auglýsingu þessari og tekur gildi frá undirritunardegi staðfestingar.

*Innanríkisráðuneytinu, 15. mars 2013.*

**Ögmundur Jónasson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

#### Fylgiskjal I.

#### NÁMSKRÁ

#### um nám og próf til réttinda til að mega flytja hættulegan farm á landi, svonefnd ADR-réttindi.

#### 1. ADR-nám.

##### 1.1. Grunn nám, almenn ADR-réttindi – framhaldsnám, sérstök ADR-réttindi.

Nám til ADR-réttinda, grunn nám og framhaldsnám, fer fram á vegum Umferðarstofu eða þess sem Umferðarstofa felur að halda ADR-námskeið í sínu umboði.

Nemandi skal áður en hann þreytir próf a.m.k. kunna skil á:

- efni reglugerðar nr. 1077/2010, einkum I., II. og III. kafla, svo og A-lið VII. viðauka reglugerðarinnar,
- ADR-reglum, þ.e. tilskipun 2008/68/EB en í I. viðauka hennar er kveðið á um að viðaukar A og B við ADR-samninginn, eins og þeir eru hverju sinni, skuli gilda um millilanda-flutninga og flutninga innanlands á hættulegum farmi í aðildarríkjum Evrópusambandsins og á Evrópska efnahagssvæðinu.

##### 1.2. Endurmenntun.

Samkvæmt C-lið VII. viðauka skal nemandi í endurmenntunarnámi rifja upp, endurnýja og bæta þá þekkingu sem hann öðlaðist í grunn- og framhaldsnámi.

#### 2. ADR-námskeið.

##### 2.1. Kennsluskrá.

Áður en Umferðarstofa felur öðrum að halda ADR-námskeið í sínu umboði skal sá leggja fram kennsluskrá. Í kennsluskrá skal lýsa skipulagi náms og gera grein fyrir:

- hver annast kennslu,
- húsnæði, tækjum og búnaði til kennslu,
- skipulagi, kennslu, kennsluaðferðum og stundaskrá,
- námsefni og yfirferð þess,
- hámarks- og lágmarksfjölda nemenda í kennslustund með tilliti til c- og d-liðar,
- námsmati,
- öðrum atriðum sem máli þykja skipta.

Í kennsluskrá skulu einnig vera upplýsingar um hvernig staðið skuli að skráningu nemanda á námskeið og um greiðslu þátttökugjalds.

Kennsluskrá skal vera aðgengileg nemanda svo og öðrum sem láta sig námið varða. Endurskoða skal kennsluskrá reglulega með hliðsjón af fenginni reynslu, tæknilegum framförum og breytingum sem kunna að verða á settum reglum. Endurskoðaða kennsluskrá skal afhenda Umferðarstofu.

Komi síðan í ljós að í kennslu sé vikið verulega frá efni kennsluskrár eða frá settum reglum um kennsluna, svo og að nauðsynleg endurskoðun á kennsluskrá fari ekki fram, getur Umferðarstofa afturkallað umboð sitt.

## **2.2. Kennsluaðferðir.**

Kennsla skal taka mið af raunhæfum aðstæðum sem flutningur hættulegs farms fer fram við og skal leitast við að hafa hagnýt viðmið eftir því sem unnt er. Mikilvægt er að nota þá kennsluaðferð sem best hentar hverju sinni. Æskilegt er að nemandi taki virkan þátt í náminu eftir því sem unnt er. Mikilvægt er að taka mið af reynslu nemenda og að hver og einn geti litið í eigin barm, fræðist og fái tækifæri til að endurskoða starfshætti sína og viðhorf til öryggisreglna er varða flutning á hættulegum farmi.

## **2.3. Námsmat.**

Námsmat er mikilvægur þáttur í námi. Með námsmati fær kennari upplýsingar um hvernig kennsla hafi tekist. Nemandi fær einnig upplýsingar um hvað hann hefur lært. Við símat fá kennari og nemandi stöðugt mat á námsárangri nemanda og gildi kennslunnar. Markmiðið er að nota þær aðferðir sem skila bestum árangri. Slíkt mat er einnig mikilvægt fyrir nemanda að því leyti að hann fær strax vitneskju um hvernig námið gengur sem verður honum hvatning til þess að ná sem bestum árangri. Það getur gefið góða raun að nota gátlista við símat með því að merkja við tiltekin atriði til þess að meta síðan hvort námsárangur sé viðunandi. Með mati á árangri nemanda og skoðun þess hvernig kennsla fer fram, er reynt að leiða í ljós hvort kennslan sé fullnægjandi eða hvort úrbóta sé þörf.

## **2.4. Staðfesting á þátttöku nemanda á ADR-námskeiði.**

Sá sem heldur ADR-námskeið skal staðfesta að nemandi hafi setið námskeiðið. Umferðarstofa ákveður form staðfestingar.

## **2.5. Upplýsingar um ADR-námskeið.**

Stundaskrá fyrir hvert námskeið skal afhenda Umferðarstofu eigi síðar en viku áður en það hefst. Upplýsingar um námskeið og þátttakendur skal senda Umferðarstofu með rafrænum hætti í lok námskeiðs.

Afhenda skal Umferðarstofu árlega skýrslu um námskeið sem haldin hafa verið þar sem fram koma m.a. upplýsingar um fjölda nemenda, nýmæli í starfseminni og frávik frá kennsluskrá. Skýrslan skal sett fram á eyðublaði sem Umferðarstofa lætur í té.

## **2.6. Gæðastjórnun.**

Sá sem heldur námskeið, skal byggja á skýru skipulagi og fylgjast með að því sé fylgt í framkvæmd. Hann skal m.a. kynna nemanda kennslumat í lok námskeiðs þar sem nemanda gefst kostur á að tjá sig um hin ýmsu atriði þess.

## **3. Próf.**

### **3.1. Námi samkvæmt liðum 1.1. og 1.2. skal lokið með prófi sem Umferðarstofa annast en getur falið öðrum að leggja fyrir.**

Á prófi til ADR-réttinda má nemandi nota námsgögn sem hann hefur fengið afhent á námskeiði. Umferðarstofa ákveður form prófspurninga.

Niðurstaða prófs skal tilkynnt nemanda um leið og próf hefur verið dæmt. Að jafnaði skal upplýsa nemanda að loknu prófi um þær villur sem hann gerði í prófinu. Standist nemandi ekki próf má hann þreyta próf að nýju að viku liðinni.

**4. Kennslustundir á ADR-námskeiði.****4.1. Lengd kennslustunda – Hlé á milli kennslustunda.**

Hver kennslustund skal vera 45 mínútur með hæfilegu hléi á milli. Í verklegu námi má þó kenna án hlés í tvær kennslustundir samfelld. Kennslustundir skulu ekki vera fleiri en 8 hvern dag. Tíminn, sem varið er í annað en að sinna kennslu, eins og að setja námskeið, lýsa því, kynna kennara, svo og próftími í lok námskeiðs, telst ekki vera kennslustund.

**4.2. Lágmarksfjöldi kennslustunda.**

| ADR-réttindi                          | ADR-námskeið            |                 |                      |                 |
|---------------------------------------|-------------------------|-----------------|----------------------|-----------------|
|                                       | Grunnnám - framhaldsnám |                 | Endurmenntun         |                 |
|                                       | fjöldi kennslustunda    |                 | fjöldi kennslustunda |                 |
|                                       | bókleg kennsla          | verkleg kennsla | bókleg kennsla       | verkleg kennsla |
| almenn                                | 18                      | 3               | 9                    | 3               |
| sérstök – sprengifim efni í 1. flokki | 8                       | -               | 4                    | -               |
| sérstök – geislavirk efni í 7. flokki | 8                       | -               | 4                    | -               |
| sérstök – flutningur tanks (geymis)   | 12                      | 1               | 6                    | 1               |

**5. Gildistaka.**

Námskrá þessi er sett skv. 3. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 1077/2010 og öðlast gildi við staðfestingu ráðherra.